



Kópavogi, 13. ágúst 2021
2108512/510.00 ADK

Efni: Umsögn umhverfissviðs Kópavogsbæjar v. auglýstrar tillögu að hverfisskipulagi Breiðholts.

Á fundi skiplagsráðs Kópavogsbæjar þann 16. ágúst er lagt fram erindi Ævars Harðarsonar arkitekts fyrir hönd Reykjavíkurborgar dags. 9. júlí 2021 og varðar auglýsta tillögu að hverfisskipulagi í þremur hverfum í Breiðholti, Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholti. Eftirfarandi eru ábendingar umhverfissviðs Kópavogsbæjar.

Á hverfisskipulagsuppdraetti Seljahverfis fellur hluti fyrirhugaðs Arnarnesvegar innan afmörkunar skipulagsins. Mikilvægt er að samræmi sé milli afmörkunar hverfisskipulagsins og deiliskipulags 3. áfanga Arnarnesvegar sem er í vinnslu og skipulagssvæðin skarist ekki. Afmörkun skipulagssvæðis Arnarnesvegar er skilgreint og merkt gróflega á uppdraetti í skipulagslýsingu dags. 19. mars 2021.

Umhverfissvið Kópavogsbæjar telur að samtal þurfi að eiga sér stað milli sveitarfélaganna um hvernig svæðum umhverfis Arnarnesveg verði ráðstafað í skipulagi svo áframhaldandi afkastageta vegarins verði tryggð. Sérstaklega er bent á mikilvægi þess að mögulegar framtíðar vegtengingar við gatnamót Arnarnesvegar, Breiðholtsbrautar og Vatnsendavegar í Kópavogi verði ekki hindraðar.

Þá óskar Kópavogsbær eftir áframhaldandi samráði sveitarfélaganna um staðsetningu göngu- og hjólabrúar yfir Arnarnesveg og stígatenginga þvert á sveitarfélagamörkin.

Kópavogsbær ítrekar mikilvægi útfærslu svæðisins vestan gatnamóta Arnarnesvegar og Vatnsendavegar. Horft verði til sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaganna um bætt þjónustustig á meginstofnvegum höfuðborgarsvæðisins, Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarvegi og bættra umferðartenginga og umferðaröryggis við gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar.

Virðingarfyllst,

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi